

Lyfja- og lækniskostnaður barna

- Hver er þátttaka sjúkratrygginga?

Börn með astma og ofnæmi þurfa í flestum tilvikum að nota innöndunarlyf að staðaldri, í sumum tilvikum þurfa þessi börn endurtekna sýklalyfjakúra og gera má ráð fyrir að af og til sé þörf fyrir ofnæmislyf.

Lyfin eru afgreidd gegn lyfseðli frá apóteki og er greiðsluþátttaka sjúklings reiknuð skv. verðskrá á hverjum tíma. Þátttaka sjúkratrygginga í lyfjum er mismunandi og í sumum lyfjum er ekki almenn greiðsluþátttaka. Fyrir lyf með almennri greiðsluþátttöku er greitt lægra gjald fyrir börn undir 18 ára. Hver afgreiðsla lyfja miðast við mest 100 daga notkun.

Það var mikill ávinningur fyrir barnafjölskyldur þegar reglugerð um greiðsluþátttöku við kaup á lyfjum var breytt 1. mars 2009 á þann veg að kaupendur lyfja greiða lægra gjald fyrir öll börn undir 18

ára. Fyrir breytingu var greitt herra gjald fyrir börn sem ekki áttu gilt umönnunarmat frá Tryggingastofnun(TR).

Umönnunarmat hjá TR hefur því ekki lengur áhrif á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði barna.

Astmalyf eru flest niðurgreidd skv. B-merkingu* og er hámarks gjald fyrir hvern afgreiddan skammt fyrir



Anna Sveinsdóttir
Verkefnastjóri í lyfjadeild
Sjúkratrygginga Íslands



Sjúkratryggingar Íslands

börn 1.300 kr.

Ofnæmislyf eru flest niðurgreidd skv. E-merkingu** og er hámarks-gjald fyrir hvern afgreiddan skammt fyrir börn 1.650 kr.

Sýklalyf sem eru O-merkt*** í lyfjaverðskrá eru ekki með greiðslu-

merkingu og greiðast því að fullu af sjúklingi. Hægt er að sækja um lyfjaskírteini skv. vinnureglum fyrir sýklalyfjum þegar sýkingar endurtaka sig eða ef nota þarf sýklalyf til lengri tíma. Læknir getur sótt um lyfjaskírteini að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ekki þarf að greiða fyrir börn vegna komu á heilsugæslu né fyrir komu á sjúkrahús. Þó þarf að greiða 1/9 af fullu gjaldi þó að lágmarki 630 kr. vegna sérfræðilæknishjálpar. Þegar heildarkostnaður fyrir öll börn yngri en 18 ára í sömu fjölskyldu nær 8.100 kr. á almanaksárinu er gefið út afsláttarskírteini og er þá greitt enn lægra gjald.

*Fyrir B-merkt lyf er hlutur barns undir 18 ára fyrstu 750 krónurnar + 50% af verði umfram 750 kr. að hámarki 1.300 kr.

**Fyrir E-merkt lyf er hlutur barns undir 18 ára fyrstu 750 krónurnar + 50% af verði umfram 750 kr. að hámarki 1.650 kr.

***Fyrir O-merkt lyf: Sjúkratryggingar greiða ekki nema með framvísun lyfjaskírteinis.

Frekari upplýsingar um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjum og vegna læknishjálpar má finna á vefsíðu stofnunarinnar, www.sjukra.is

www.ao.is



ÍSLENSK
ERFÐAGREINING